

Fimmtudaginn 16. nóvember 1995.

Nr. 374/1995.

Ákærvaldið

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Eggerti Unnsteinssyni

Kærumál. Viðurlagaákvörðun. Dómarar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 10. nóvember 1995, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 15. sama mánaðar. Kærð er viðurlagaákvörðun 3. nóvember 1995 á hendur varnaraðila. Sóknaraðili kveður kæruheimild vera í 2. mgr. 124. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Sóknaraðili krefst ónýtingar hinnar kærðu ákvörðunar, svo að vísa megí málinu heim í hérað til dómsmeðferðar að nýju.

Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka.

Hinn 23. maí 1995 gaf ríkissaksóknari út ákæru á hendur varnaraðila, þar sem hann er sakaður um brot gegn 1. mgr. 18. gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum og 3. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849 „með því að hafa í tvö skipti í júlí 1994 á bát sínum, Teistey, DA-15, lagt grásleppunet í netlögum Rauðseyja á Breiðafirði og innan takmarka frá stórstraumsfjöruborði friðlýsts æðarvarps . . .“ Með bréfi ríkissaksóknara 23. maí sl. var sýslumanninum í Dalasýslu falin sókn málsins.

Málið var tekið fyrir í Héraðsdómi Vesturlands 3. nóvember 1995 af Inga Tryggvasyni dómarafulltrúa að viðstöddum sýslumanni, varnaraðila og skipuðum verjanda hans. Varnaraðili viðurkenndi þá háttsemi, sem honum var gefin að sök í ákæru, og lagði sækjandi til, að málinu yrði lokið samkvæmt heimild í 1. mgr. 124. gr. laga nr. 19/1991 með því, að varnaraðili greiddi 30.000 króna sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna, en sætti ella varðhaldi í átta daga, jafnframt, að varnaraðili sætti upptöku átta neta í trossu og greiddi allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda, 25.000 krón-

ur. Varnaraðili féllst á þessi málalok, og lauk dómari málinu með ákvörðun um greind viðurlög. Í máli þessu krefst sóknaraðili ónýttingar á þessari ákvörðun dómarans.

Til stuðnings kröfu sinni vísar sóknaraðili til þess, að hin kærða ákvörðun var tekin af dómarafulltrúa, sem „studdist ekki við setningu sem héraðsdómari“. Þá hafi einnig legið fyrir við útgáfu ákæru í málinu kærur sama efnis á hendur sex öðrum mönnum. Vegna ágreinings um veiðar þessar og heimfærslu kærðrar háttsemi til refsíákvæða hafi verið gert ráð fyrir, að málið yrði tekið til dómsúrlausnar. Ákvörðun um sókn annarra mála hafi því verið frestað, þar til dómsúrlausn lægi fyrir um refsínæmi verknaðar ákærða.

Samkvæmt 2. mgr. 6. gr. laga nr. 92/1989 um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, sbr. 1. gr. laga nr. 80/1995, geta fulltrúar héraðsdómara farið með opinber mál allt fram að því, að þau komi til aðalmeðferðar. Sá fulltrúi, sem hér um ræðir, var því bær til að ljúka málinu samkvæmt 1. mgr. 124. gr. laga nr. 19/1991 með ákvörðun um viðurlög, en lagaskilyrði þess voru fyrir hendi, og sækjandi málsins lagði til þau málalok. Skipti engu um úrlausn málsins, að til meðferðar voru hjá ríkissaksóknara önnur hliðstæð mál. Verður hin kærða ákvörðun því staðfest, enda liggur hvorki fyrir, að varnaraðili hafi saklaus fallist á viðurlög né verið látinn undirgangast fjarstæð málalok að öðru leyti, sbr. 2. mgr. 124. gr. laga nr. 19/1991.

D ó m s o r ð:

Hin kærða ákvörðun er staðfest.
